

AUGLÝSING

um breytingu á skipulagsskrá fyrir Samvinnuháskólann, nr. 73 31. janúar 1990.

Skólanefnd sjálfseignarstofnunarinnar Samvinnuháskólinn hefur samkvæmt heimild í 10. gr. skipulagsskrár stofnunarinnar samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskránni:

I.

4. gr. orðist svo:

Í skólanefnd sitja fimm menn. Menntamálaráðherra skipar einn, Nemendasamband Samvinnuskólans og Samvinnuháskólans skipar einn, Framkvæmdaráð skipar einn og Vinnumálasambandið skipar tvo. Á sama hátt skal skipa hverjum skólanefndarmanni varamann. Tveimur árum eftir skipun hvers skólanefndarmanns fyrir sig skulu formaður skólanefndar og rektor fara fram á það við þann aðila sem í hlut á að skipað verði á ný. Umboð skólanefndarmanns stendur uns aðili hefur á ný skipað skólanefndarmann af sinni hálfu. Við skipun skólanefndarmanns skal þess gætt að meirihluti aðalmanna og varamanna sé hvorki í námi né föstum störfum við Samvinnuháskólann.

II.

6. gr. orðist svo:

Skólanefnd ræður rektor til fjögurra ára og má endurráða einu sinni án lotuskila. Rektor fer með stjórn allrar starfsemi og málefna Samvinnuháskólans í umboði skólanefndar. Rektor kemur fram fyrir hönd skólans gagnvart starfsmönnum og nemendum og út á við. Hann skiptir verkum með starfsmönnum og stýrir störfum þeirra. Í samráði við Fræðslu- og rannsóknarráð og Framkvæmdaráð ábyrgist rektor, sem stýrir störfum þeirra, að öll starfsemi sé í samræmi við skipulagsskrá og reglugerð. Samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð skal Fræðslu- og rannsóknarráð ákvarða um vísindaleg málefni, fræðslu, námskröfur og rannsóknir, en Framkvæmdaráð með fulltrúum starfsmanna og nemenda ákvarða nánar um rekstur og framkvæmdir, starfsháttu og samskipti í stofnuninni. Enn fremur skal í reglugerð setja ákvæði um almenna starfsmannafundi.

Fræðslu- og rannsóknarráð skipa allir þeir sem gegna fræðlustörfum eða öðrum vísindastörfum við Samvinnuháskólann, svo og stjórnendur skólans. Atkvæðisrétt hafa fastráðnir starfsmenn. Framkvæmdaráð skipa annars vegar stjórnendur skólans og fulltrúar starfsmanna og hins vegar jafnmargir fulltrúar námsmanna. Framkvæmdaráð skal skipað og kosið árlega samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Rektor er formaður beggja ráðanna og falli atkvæði jöfn ræður atkvæði rektors. Nánari ákvæði um Fræðslu- og rannsóknarráð og um Framkvæmdaráð skal setja í reglugerð.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Samvinnuháskólann staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing um breytingu á skipulagsskránni, nr. 361 10. júní 1994.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 11. september 1995.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.